

Minnisblað vegna fundar hjá Öldungaráði Reykjanesbæjar 9. september 2026.

FEBS er aðili að LEB og núna um þessar mundir er LEB að gera tilraun til að virkja öldungaráðin víða um land.

Þannig er, að sums staðar er ekki skipað í ráðin sem er lagabrot og sums staðar er skipað í þau og þar eru aldrei haldnir fundir. Hvað máli skipti það okkur?

Jú það er horft til okkar hér í Reykjanesbæ. Hér hefur tekist vel til.

FEBS óskar eftir nánunni og uppbyggilegu samstarfi við öldungaráð Reykjanesbæjar áfram eins og verið hefur. Við höfum verið í afar góðu samstarfi við Margréti Arnbjörgu Valsdóttur. Hún og hennar starfsfólk er að reynast okkur afar vel. Við viljum fá að halda því áfram og fá að þróa það samstarf áfram.

Ég vil aðeins deila með ykkur minni reynslu frá fyrra kjörtímabili.

Satt best að segja þá vissi ég lítið í fyrstu um þetta apparat. Fyrstu fundirnir sem ég sat voru frekar vandræðalegir kaffifundir. Ég var bara ekki að skilja hvaða tilgang þetta hafði, en launin voru fín. Hérna sátum við þrír frá FEBS og þrír frá pólitíkinni og einn frá heilsugæslunni.

Embættismenn frá bænum voru að finna til og koma með fundarefni sem voru oftast en ekki upplýsingar tengdar eldri borgurum.

Við fengum gesti til okkar sem voru að kynna ýmis mál s.s. öryggishnappa og ýmsar nýjungar, sem var afar fróðlegt.

Ég var á þessum tímapunti með miklar vangaveltur um að hætta í ráðinu mér fannst ég hafa bara annað að gera en að vera á svona samkomum.

Á einhverjum tímapunti í upphafi fékk ég erindisbréf frá Reykjanesbæ. Við lestur þess og svo líka laganna frá Alþingi „Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga frá 1991 nr. 40/ 27. mars X. kafli 38. gr.“ sá ég að okkur er mörg og mikilvæg störf falin. Ég vil hvetja alla fulltrúa okkar sem eru í öldungaráðinu til að lesa lögin og erindisbréfið frá sveitarstjórninni, það er fyrir hendi. Endilega lesið vel og rækilega.

Þarna tókum við FEBS fulltrúar ákvörðun um að breyta um vinnubrögð hvað okkur varðar og vera bæjarstjórn og ráðinu til upplýsingar um málefni eldri borgara, ekki bara vera á fundum og hlusta á yfirferð á ýmsum málum.

Ég fékk mjög góðar upplýsingar frá LEB um kjaramál eldri borgara og setti saman smá kynningu. Óskaði eftir að sett yrði á dagskrá ráðsins erindi frá FEBS. Öllum í ráðinu fannst þetta vera afar gagnlegar upplýsingar og fundarefninu var miðlað til flokkanna.

Fundarefnið var tekið upp úr fundargerð af Vísirfréttum og vel var tekið í umfjöllunina.

Auðvitað eru þessar upplýsingar á heimasíðu Reykjanesbæjar, LEB og TR og hjá fleiri aðilum. Fólk er bara ekki að skoða þessi mál, það þarf að stilla upp upplýsingum helst myndrænt.

Svo tókum við upp á því að óska eftir upplýsingum frá Reykjanesbæ um hin ýmsu atriði.

Þarna reyndist Margrét okkur afar vel. Margrét brást vel við og hafði frumkvæði að því að taka saman svör til okkar jafnvel þó að við höfðum ekki spurt. Þá kom hún með samanburð við önnur bæjarfélög sem var mjög upplýsandi fyrir okkur.

S.s. um frístundarstyrk, hve margir eldri borgarar nýta sér hann og hvað er styrkhæft.

Við kölluðum eftir upplýsingum um afslætti til eldra fólks á fasteignagjöldum, hvað hann væri mikill og hve margir fái slíkt. Þar sjáum við að tekjutengingar eru mjög háar þannig að frekar fáir njóta.

Við kölluðum eftir upplýsingum um hve margir fái húsnæðisbætur frá HMS og svo hvort væru greiddar sérstakar húsnæðisbætur í sveitarfélaginu sem eru tekjutengdar.

Mikilvægt er að fá að vita á hvaða aldri fólk er sem er að nýta sér bæturnar.

Við fengum upplýsingar um hvað heimsendur matur kostar og hvað hann væri mikið niðurgreiddur af Reykjanesbæ og hvað margir fái slíka þjónustu.

En hvað svo, hvað gerum við með þessa vitneskju? Núna eru þær sumar í fundargerðum FEBS og svo í skúffunni hjá formanni.

Núna síðar í september er formannafundur hjá LEB, um áttatíu formenn LEB og starfsfólk sækja fundinn. Þar verður reifuð tillaga um að LEB safni saman upplýsingum um hvað bæjarfélög og öll sveitarfélög eru að gera í málum eldri borgara.

Þarna held ég að það geti verið afar gott fyrir okkur ef LEB kallaði eftir þessum upplýsingum og setji í „gagnagrunn“ sem geti verið lifandi plagg sem væri félögunum aðgengilegt á vef LEB.

Þannig gætum við séð hvað aðrir eru að gera og skapað sóknarfæri fyrir okkur til jöfnunar fyrir eldra fólk, okkar félaga.

Þar gætum við séð hvað er verið að gera og hvað er ekki verið að gera.

Það að við séum að kalla eftir upplýsingum með formlegum hætti, jafnvel þó að þær séu á heimasíðum og víðar, vekur upp umræður og sóknarfæri til að gera betur fyrir eldra fólk.

Við eigum líka að halda upp í gráðið hvar er vel gert og virkar vel. Það er líka mikilvægt.

Að endingu núna þá förum þess á leit við öldungaráð Reykjanesbæjar að hafa áfram gott samstarf eins og verið hefur og þökkum fyrir það sem komið er.

Kristján G. Gunnarsson
formaður FEBS